

Miðvikudaginn 22. apríl 1998.

Nr. 164/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Davíð Garðarssyni

(Karl G. Sigurbjörnsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Aðilar skutu báðir málinu til Hæstaréttar með kærum 17. apríl 1998, sem bárust réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. apríl 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 29. apríl nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 5. maí 1998 kl. 16.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Ekki eru alveg næg efni til að telja vítaverðan þann drátt, sem hefur orðið á öflun gagna í Pýskalandi og um ræðir í hinum kærða úrskurði. Með þessari athugasemd verður úrskurður héraðsdóms staðfestur með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. apríl 1998.

Ár 1998, föstudag 17. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómara-fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a- og b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Davíð Garðarssyni, kt. 190869-5399,

Ferjubakka 2, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum þess gæsluvarðhalds, sem hann nú sætir, en lýkur í dag kl. 16.00, allt til þriðjudags 5. maí 1998 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 11. mars sl., en rökstuddur grunur er um aðild hans að innflutningi rúmlega eins kíló af amfetamíni, sem fannst í bifreið, er kom til landsins 4. mars sl. frá Hamborg. Þetta gæti varðað hann fangelsi samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga.

Rannsókn málsins er vel á veg komin, en þó er enn eftir að afla upplýsinga í Þýskalandi, sem kærði gæti torvelað, færi hann frjáls ferða sinna, svo sem með því að hafa áhrif á þá menn, sem á að yfirheyra þar. Öflun umræddra upplýsinga í Þýskalandi hefur reyndar dregist mjög á langinn, og er það vítavert. Þegar á hinn bóginn er horft til þess, hversu alvarlegt brot það er, sem kærða er gefið að sök, og þess, að samkvæmt bréfi starfsmanns Landsskrifstofu Interpol hér á landi, sem er dagsett 16. apríl 1998, eru viðkomandi lögreglufyrirvöld í Þýskalandi þegar komin af stað með að framkvæma umbeðnar aðgerðir og nánari fregna að vænta af framgangi mála næstkomandi mánudag eða þriðjudag, þykir verða að fallast á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærða verður þó ekki gert að sæta gæsluvarðhaldi lengur en til miðvikudags 29. apríl nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Davíð Garðarsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 29. apríl 1998 kl. 16.00.
